

✉ Re: Ósk um umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð.

Búið til	3.4.2023 10:39:37
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.4.2023 10:39:36
Tilheyrir	📁 202303-0051 - Ósk um umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð.

Efni

Re: Ósk um umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð.

Upplýsingar

Sent	3.4.2023 10:39:36	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@dalir.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202303-0051.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, dags. 22. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Yggdrasill Carbon um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Ljárskógum.

Um er að ræða stórt svæði sem í dag er að mestu óraskað mó- og moslendi ásamt melum en einnig er hluti svæðisins votlendi, framræst að hluta. Svæðið sem sótt er framkvæmdaleyfi fyrir er 197,7 hektara og því rétt undir viðmiðunarmörkum til að falla í flokk tilkynningarskyldra framkvæmda skv. ákvæðum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Þess ber að geta að á Fagráðstefnu Skógræktarinnar 2023 sem haldin var 29.-30. mars, var kynnt veggspjald sem fjallaði um þau áform að rækta 5500 hektara skóg á Ljárskógum í Dölum. Eins og fram kemur í úrdrætti veggspjaldsins er um risastórt skógræktar verkefni að ræða. Væntanlega er umsókn Yggdrasill Carbon fyrsti

hluti þessarar vegferðar en á veggspjaldinu segir að stefna eigi að því að planta í 400 hektara á ári og klára verkefnið á ekki lengri tíma en 10 árum. Fram kemur einnig að búið sé að senda inn gögn fyrir leyfisveitingar til Dalabyggðar og Skipulagsstofnunar.

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að ef slík áform séu raungerð þá verði að leggja þau fram í heild sinni lögð sem eina framkvæmd og tilkynna til Skipulagsstofnunar. Annað væri óábyrgt. Þar sem jörðin Ljárskógar nær langt upp á Laxárdalsheiði og m.a. inn á mikilvægt fuglasvæði, er nauðsynlegt að kanna vandlega umhverfisáhrif svo stórfelldar framkvæmdar á m.a. fuglalíf, gróðurfar og landslag. Þá þarf að skoða samlegðaráhrif við önnur áform t.d. áætlaða vindmyllugarða á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum.

Fyrir þennan fyrsta áfanga sem hér er til umfjöllunar leggur Náttúrufræðistofnun til að gerð sé úttekt á fuglalífi áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Skógræktaráform af þessari stærðargráðu þarf að meta með tilliti til þess hvort búsvæðum mófugla sé ógnað. Sumar mófuglategundir verpa einungis á opnum svæðum og þola illa návist við skógrækt. Þar má nefna tegundir sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á eins og heiðlóa, lóupræll og spói. Afar mikilvægt er að kanna hvort og hver áhrif skógræktar á þessar tegundir er. Mælt er með að skoða nýja heimasíðu sem Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi opnaði á dögnum, það er síðan <https://moi.hi.is> (<https://moi.hi.is>) þar sem fjallað er um hvernig landnotkun af ýmsum toga hefur áhrif á þessar fuglategundir.

Þá ber að meta hvort gróðurlendi sem stefnt sé að því að planta trjám í séu það gróskumikil að kolefnisbinding er töluverð þar fyrir. Þar vega graslendi og votlendi hvað þyngst. Náttúrufræðistofnun leggur til að gróskumiklum vistgerðum sé hlíft við skógrækt eins og hægt er. Syðstu svæði áætlaðs skógræktarreitir virðast einkennast af svona gróskumiklum gróðurlendum og eru einungis að hluta til framræst og röskuð. Frekar ætti að horfa til þess að endurheimta grósku á rýrari svæðum. Þá er mælt með því þegar kemur að stórfelldri skógrækt að takmarka notkun framandi trjátegunda til að tryggja að hægt sé að stýra því að þær sái sér út fyrir skilgreind skógræktarsvæði.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita Dalabyggð frekari ráðgjöf um verndargildi áætlaðs skógræktarsvæðis og um nauðsynlegar rannsóknir á lífríki. Ítrekað er það álit Náttúrufræðistofnunar að ef áform um 5500 hektara skógrækt í landi Ljárskóga eru á dagskrá þá verður að tilkynna slíkt sem eina heildarframkvæmd til Skipulagsstofnunar og kanna til hlítar umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar" <skipulag@dalir.is>
To: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
CC: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
Subject: Ósk um umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð.
Date: 22.3.2023 14:05:07

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
2010 Garðabæ

Góðan daginn,

Dalabyggð hefur borist umsókn Yggdrasil Carbon um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Ljárskógum, sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Dalabyggð óskar eftir umsögn N.Í um umsóknina með hliðsjón af 61. gr. laga um náttúruvernd, en innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er að finna votlendi.

Umsóknin verður tekin fyrir á næsta fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar þann 11. apríl næstkomandi. Ef mögulegt, þá væri auðvitað æskilegt að umsögnin gæti legið fyrir þegar nefndin fundar – en ég geri mér grein fyrir að fresturinn er stuttur.

Umsókn umsækjanda og fylgigögn vegna framkvæmdaleyfisins eru meðfylgjandi.

Kveðja,

Hlynur T. Torfason

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi

Netfang / email: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is)